

Nefndarsvið Alþingis  
Velferðarnefnd  
Austurstræti 8 – 10  
101 Reykjavík

Sent í umsagnargátt

Reykjavík, 8. apríl 2024

Tilvísun: 202403-0186

**Efni: Umsögn Alþýðusambands Íslands um tillögu til þingsályktunar um fullgildingu og lögfestingu valfrjálsrar bókunar við samning Sameinuðu þjóðanna (Sp) um réttindi fatlaðs fólks, mál nr. 144.**

Alþýðusambandi Íslands (ASÍ) hefur borist beiðni til umsagnar um ofangreint mál frá velferðarnefnd Alþingis, dags. 25. mars sl. ASÍ fagnar því að fram sé komin tillaga um fullgildingu og lögfestingu á bókuninni en hún felur í sér aukna vernd þeirra réttinda sem koma fram í samningnum og opnar á kæruleið fyrir einstaklinga og hópa einstaklinga vegna brota á samningnum til sérfræðinefndar Sp, ef allar kæruleiðir innan íslensks stjórnkerfis eru fullreynar.

Til stóð að fullgilda og lögfesta bókunar fyrir árslok 2017 og telur ASÍ því löngu tímabært að það verði gert og hvetur þingið til að leggjast á eitt svo að það verði gert.

Virðingarfyllt,

Guðrún Margrét Guðmundsdóttir, jafnréttisfulltrúi ASÍ

Nefnda- og greiningarsvið Alþingis  
Tjarnargötu 9  
101 Reykjavík  
[umsagnir@althingi.is](mailto:umsagnir@althingi.is)

Reykjavík, 8. apríl 2024.

**Efni: Umsögn við tillögu til þingsályktunar um fullgildingu og lögfestingu valfrjálsrar bókunar við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks 154. löggjafarþing 2023-2024. Þingskjal 144 – 144. mál.**

Félagsráðgjafafélag Íslands þakkar fyrir tækifæri til að veita umsögn við tillögu til þingsályktunar um fullgildingu og lögfestingu valfrjálsrar bókunar við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks 154. löggjafarþing 2023-2024. Þingskjal 144 – 144. mál. Félagið lýsir eindregnum stuðningi við tillöguna.

Hér er um að ræða tillögu sem var áður lögð fram á 152. löggjafarþingi og 153. löggjafarþingi (49. mál) en hlaut ekki afgreiðslu. Félagsráðgjafafélag Íslands veitti umsögn við málið með bréfi dags. 29. nóvember 2022 og ítrekar hér með afstöðu sína. Eins og fram kemur í greinargerð með þingsályktunartillögunni undirrituðu íslensk stjórnvöld Samnig sameinuðu þjóðanna (SP) um réttindi fatlaðs fólks í mars 2007 og á sama tíma valfrjálsa bókun um kæruleið fyrir einstaklinga og hópa einstaklinga vegna brota á samningnum. Með þessum viðauka opnast kæruleið fyrir fatlað fólk sem telur að íslensk stjórnvöld hafi ekki veitt þeim þann rétt sem þeim ber samkvæmt samningnum og hafa fullreynt að ná fram rétti sínum innan íslenska stjórnkerfisins og dómskerfisins.

Árið 2016 samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu um fullgildingu valkvæða viðaukans við samning SP fyrir árslok 2017. Nú fimm árum síðan hefur það ekki verið gert sem lýsir ekki einungis áhugaleysi um vernd mannréttinda fatlaðs fólks heldur einnig virðingarleysi gagnvart vilja Alþingis.

Vill Félagsráðgjafafélag Íslands skora á ríkisstjórn og Alþingi að ljúka þessu mikilvæga verkefni að fullgilda viðaukan eins og samþykkt var á Alþingi árið 2016. Með því verður stuðlað að aukinni vernd þeirra réttinda sem koma fram í samningi SP um réttindi fatlaðs fólks og opnað á sambærilega kæruleið sem er til staðar vegna alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi.

Félagsráðgjafafélag Íslands er tilbúið að fylgja athugasemdum sínum eftir sé þess óskað.

Með vinsemd og virðingu,  
f.h. stjórnar Félagsráðgjafafélags Íslands

Steinunn Bergmann  
Formaður



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi Nefndasvið  
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. apríl 2024.

**Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um um tillögu til þingsályktunar um fullgildingu og lögfestingu valfrjálsrar bókunar við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, þskj. 144, 144. mál.**

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist ofangreind tillaga til þingsályktunar, um fullgildingu og lögfestingu valfrjálsrar bókunar við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, til umsagnar. Alþingi samþykkti árið 2016 þingsályktunartillögu um að fullgilda bókunina fyrir árslok 2017. Það hefur enn ekki verið gert en er löngu tímabært. MRSÍ styður þingsályktunartillöguna og fagnar hverju skrefi í átt að bættum mannréttindum fatlaðs fólks. MRSÍ bendir jafnframt á að til að ná settum markmiðum við fullgildingu og lögfestingu valfrjálsu bókunarinnar, er nauðsynlegt að hafa samstarf og samráð við fatlað fólk og hagsmunasamtök þess, persónulega talsmenn og aðra sérfræðinga varðandi málefni fatlaðs fólks.

Virðingarfyllt,  
f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

---

Margrét Steinarsdóttir  
framkvæmdastjóri

Reykjavík 25.03.2024

Til: Nefndarsviðs Alþingis.

Varðar: Velferðarnefnd Alþingis sendir til umsagnar 144. mál um valfrjálsa bókun við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

MND á Íslandi hefur borist ofangreind tillaga til þingsályktunar, um fullgildingu og lögfestingu valfrjálsrar bókunar við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, til umsagnar. Alþingi samþykkti árið 2016 þingsályktunartillögu um að fullgilda bókunina fyrir árslok 2017. Það hefur enn ekki verið gert en er löngu tímabært. MND á Íslandi styður þingsályktunartillöguna og fagnar hverju skrefi í átt að bættum mannréttindum fatlaðs fólks.

Þetta er spurning um trúverðugleika Alþingis sem þeim er þingið sitja láta sér annt um, vonandi.

Lögfestum þetta í strax svo eftir verði tekið meðal landa sem telja sig marktæk í velferðarmálum þegna sinna.

Virðingarfyllt

Guðjón Sigurðsson, formaður, MND á Íslandi

Nefndasvið Alþingis  
Smiðju, Tjarnargötu 9  
101 Reykjavík

Reykjavík, 8. apríl 2024

**Efni: Umsögn ÖBÍ réttindasamtaka um tillögu til þingsályktunar um fullgildingu og lögfestingu valfrjálsar bókunar við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Þingskjal 144 - 144. mál.**

ÖBÍ – réttindasamtök (ÖBÍ) taka undir með og styðja við tillöguna til þingsályktunar, enda mikilvægt að stuðla að aukinni vernd þeirra réttinda sem í samningnum felast. Með því að fullgilda, og í kjölfar lögfesta, valfrjálsu bókunina er ekki einungis verið að auka við og efla vernd réttinda fatlaðs fólks heldur einnig staðfesta það að íslensk stjórnvöld vilji sýna öðrum aðildarríkjum að samningnum gott fordæmi.

Ekkert um okkur án okkar!

Alma Ýr Ingólfssdóttir  
formaður ÖBÍ

